



Borgarráð

Reykjavík, 13. maí 2025

MSS25050050

Tillögur að útfærslu á breyttu fyrirkomulagi upplýsingamála hjá Reykjavíkurborg

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar fimm tillögur samskiptastjóra og borgarritara að útfærslu á breyttu fyrirkomulagi upplýsingamála hjá Reykjavíkurborg, í samræmi við samþykkt borgarstjórnar 4. mars 2025. Breytingar sem lagðar eru til fela í sér að stjórnun upplýsingamála verði miðlæg í því skyni að auka samhæfingu, samlegð og samfellu og koma til móts við síauknar kröfur um ríka upplýsingaskyldu. Ný skrifstofa samskipta og viðburða mun þannig þjónusta svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar í samskiptamálum auk þess að hafa umsjón með allri aðkeyptri þjónustu í málaflokknum. Ekki er um aukinn kostnað að ræða og fjöldi stöðugilda verður óbreyttur.

Greinargerð:

Vísað er til ítarlegrar greinargerðar samskiptastjóra og borgarritara í meðfylgjandi minnisblaði.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað um tillögur að útfærslu á breyttu fyrirkomulagi upplýsingamála hjá Reykjavíkurborg, dags. 12. maí 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 12. maí 2025
MSS25050050

Minnisblað

Viðtakandi: Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri
Sendandi: Eva Bergþóra Guðbergsdóttir samskiptastjóri
og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari

Tillögur að útfærslu á breyttu fyrirkomulagi upplýsingamála hjá Reykjavíkurborg

Óskað er eftir að borgarráð samþykki eftirfarandi fimm tillögur um breytingar á fyrirkomulagi upplýsingamála Reykjavíkurborgar. Þær fela í sér að stjórnun upplýsingamála verði miðlæg í því skyni að auka samhæfingu, samlegð og samfellu og koma til móts við síauknar kröfur um ríka upplýsingaskyldu. Ný skrifstofa samskipta og viðburða mun þannig þjónusta svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar í samskiptamálum auk þess að hafa umsjón með allri aðkeyptri þjónustu í málaflokknum. Ekki er um að ræða aukinn kostnað þar sem fjöldi stöðugilda verður sá sami en breyting gerð á einu stöðugildi og fjögur stöðugildi færast til miðlægt. Til lengri tíma má búast við talsverðri hagræðingu vegna aukinnar skilvirkni, minni hættu á tvíverknaði og hagstæðari samningum svo sem vegna birtinga og aðkeyptrar þjónustu.

Tillögur:

1. Að sameina samskipta-, upplýsinga- og viðburðamál á einn stað á miðlægri skrifstofu samskipta og viðburða.
2. Stöðugildi upplýsingafulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði verði flutt á nýja skrifstofu samskipta og viðburða og taki sú breyting gildi 1. júní 2025.
3. Stöðugildi upplýsingafulltrúa á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði verði flutt á nýja skrifstofu samskipta og viðburða og taki sú breyting gildi 1. júní 2025.
4. Stöðugildi upplýsingafulltrúa sem sinnir innri samskiptum á þjónustu- og nýsköpunarsviði verði flutt til mannauðs- og starfsumhverfissviðs og taki sú breyting gildi 1. júní 2025.
5. Stofnaður verði starfshópur sem vinnur að endurskipulagningu á markaðs- og upplýsingamálum á menningar- og íþróttasviði.

Lagt er til að tilnefnt verði í sérstakt verkefnateymi sem undirbúi breytingarnar.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar 4. mars síðastliðinn var samþykkt eftirfarandi tillaga um aukna skilvirkni í upplýsingamálum borgarinnar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að vinna tillögur að því að gera upplýsingamál borgarinnar skilvirkari og bæta samræmda upplýsingagjöf.



Reykjavík



Samskipta- og upplýsingamál Reykjavíkurborgar hafa um árabil þróast í blandaðri mynd miðlægrar og dreifðrar ábyrgðar. Stjórnun á upplýsingamálum er í senn á hendi miðlægrar stjórnsýslu og fagsviða. Á nokkrum fagsviðum starfa upplýsingafulltrúar sem sinna bæði efnisgerð og samskiptum. Samræmd stjórnun, stefnumótun eða miðlæg samhæfing á upplýsingagjöf hefur ekki verið nógu markviss.

Helsti gallinn með dreifðri ábyrgð er hætta á tvíverknaði sem leiðir til minni skilvirkni, óhagkvæmni og óskýrum skilaboðum þar sem síður er fylgt samræmdri stefnu og nálgun. Á sama tíma hefur fjölbreytni í samskiptum og upplýsingagjöf aukist, bæði í umfangi, kröfum og tæknilegum leiðum. Opinber stjórnvöld hafa ríka upplýsingaskýldu og mikilvægt er að huga ávallt að því hvernig koma megu upplýsingum á framfæri við ólíka hópa í samfélaginu. Þá er almennt ákall um að bæta upplýsingamiðlun og gera hana skilvirkari og miðla efni á samræmdan hátt með skýrleika að leiðarljósi.

Samskiptamál

Ýmis tækifæri eru til staðar til að efla gæði og skilvirkni upplýsingamála með því að koma á fót sameinuðu teymi sem starfar þvert á svið borgarinnar. Með slíkri samþættingu skapast rými fyrir faglegri stjórnun og þróun, markvissari verkaskiptingu og betra aðgengi að sameiginlegri þekkingu og reynslu. Nýtt miðlægt teymi yrði skipað fjölbreyttum sérfræðingum sem starfa undir einni faglegri yfirstjórn undir stjórn samskiptastjóra. Með breytingum á einu stöðugildi verður lögð aukin áhersla á framleiðslu á margvíslegu kynningarefni fyrir öll svið borgarinnar. Þar með yrði auðveldara að tryggja samræmd vinnubrögð, fá betri yfirsýn, deila ábyrgð á verkefnum og byggja upp víðtæka þekkingu þvert á fagsvið. Slíkt fyrirkomulag eykur sveigjanleika og gerir mögulegt að mæta árstíðabundnu álagi, veikindum eða fjarvistum án þess að þjónustan rofni. Samlegðaráhrifin birtast ekki aðeins í betri nýtingu mannafla heldur einnig í samræmdu verklagi, auknu aðhaldi í efnisgerð og notkun aðkeyprar þjónustu. Þá gæti einnig skapast svigrúm til þróunarverkefna og framsækinnna lausna sem erfiðara er að koma á í dreifðara umhverfi.

Innri samskipti

Verkefni sem tengjast innri upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar hafa ekki skýra heimahöfn og má segja að því sé sinnt sem aukaverkefni í dag án skýrrar ábyrgðar. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og mikil tækifæri felast í því að efla utanumhald um innri samskipti þar sem möguleikar eru til að efla tengsl, samstarf og samkennd. Ánægt starfsfólk, sem upplifir að það tilheyri vinnustað sem gengur í takt, gæti eflt orðspor, traust og ímynd vinnustaðarins — bæði inn á við og út á við.

Huga þarf að staðsetningu verkefna á sviði innri samskipta til lengri tíma en þessi viðfangsefni yrðu best staðsett nálægt samræmingarstarfi á sviði mannauðsmála. Innri samskiptamiðillinn Workplace heyrir í dag undir mannauðs- og starfsumhverfissviði en því fylgir ekki stöðugildi í miðlun og því má segja að miðillinn sé án ritstjórnar, þróunar og framtíðarsýnar. Til stendur að innleiða innri samskiptamiðilinn Viva Engage sem mun gegna svipuðu hlutverki. Í þeim breytingum liggja talsverð tækifæri til að efla innri samskipti þvert á starfsemi borgarinnar – sér í lagi ef hugað er að ritstjórn, efnisgerð og þróun.

Sérstaða á menningar- og íþróttasviði

Í stofnunum menningar- og íþróttasviðs eru þó nokkur stöðugildi tengd miðlun, upplýsingagjöf og kynningamálum. Nauðsynlegt er að fara í sérstaka greiningavinnu með sviðinu og sviðsstjóra í næsta áfanga til að kortleggja þessi mál innan sviðsins. Starfsemi menningar- og íþróttasviðs hefur ákveðna sérstöðu vegna krafna um



tekjuöflun en undir sviðið heyra m.a. söfn, sundlaugar og Ylströndin. Mælt er með að sú vinna hefjist sem allra fyrst.

Markmið breytinga

- *Auka samræmi og gæði* - Tryggja skýra, samræmda og faglega upplýsingagjöf í samræmi við hönnunarstefnu, vörumerkjahandbók og áherslur í upplýsingamiðlun hverju sinni.
- *Bæta miðlun til ólíkra markhópa* - Efla aðgengi og skilvirkni í samskiptum við íbúa, fjölmiðla og hagsmunaaðila með notkun nútímalegra miðla og aðferða.
- *Auka skilvirkni og draga úr tvíverknaði* - Samræma verklag, samnýta teymi og styrkja miðlæga stýringu til að nýta mannafla og fjármagn betur.
- *Efla innri upplýsingamiðlun* - Byggja upp markvissari miðlun innan borgarkerfisins til að styðja við starfsánægju, traust og ímynd vinnustaðarins.
- *Skýra ábyrgð og boðleiðir* - Tryggja skýra verkaskiptingu og ábyrgð í upplýsingamálum, með skilgreindum hlutverkum og samhæfðum ferlum.

Verkefni sem samskipta- og mörkunarteymi sinnti sem tengdust innleiðingu á nýrri vörumerkjahandbók og mörkunarleiðbeiningum er að stórum hluta lokið og ekki lengur þörf á sérfræðikunnáttu á þessu sviði í teyminu. Á sama tíma er mikil þörf á aukinni framleiðslu á efni og sniðmátum sem væri gott að geta sinnt þvert á starfsemi borgarinnar. Þannig væri hægt að bjóða upp á þjónustu fyrir grafíska myndvinnslu á einföldum auglýsingum, skýrslum, stafrænu efni og fleira og tryggja með því samhæfingu í útliti og innihaldi. Skrifstofa samskipta og viðburða muni sérhæfa sig í efnisgerð og þjónustu við fagsviðin. Starfsfólk verður staðsett á fagskrifstofum til að tryggja nálægð en starfsfólk mun vinna einhverja daga á miðlægri skrifstofu til að styðja við gott upplýsingaflæði og ýta undir öfluga teymisvinnu.

Eva Bergþóra Guðbergsdóttir
samskiptastjóri

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík